

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra, nr. 414 4. desember 1978.

#### 1. gr.

3. gr. breytist þannig:

- a) A5 orðist svo: *Hættuleg vegamót.*

Merki þetta má nota þar sem nauðsynlegt þykir áður en komið er að vegamótum þar sem umferð frá hægri hefur forgang, enda sé vegsýn slæm eða aðrar ástæður mæli sérstaklega með notkun merkisins. Ekki skal nota merkið í þéttbýli, nema sérstakar ástæður mæli með því.

- b) A6 orðist svo: *Biðskylda.*

Merki þetta ber að nota við vegamót þar sem öikumönnum ber að veita umferð á vegi sem ekið er inn á eða yfir forgang.

- c) A7-9 orðist svo: *Hættuleg vegamót þar sem umferð á vegi hefur forgang.*

Merki þessi má nota áður en komið er að vegamótum þar sem umferð á vegi sem merkið er við hefur forgang gagnvart umferð af hliðarvegi, enda séu merkin A6 eða B19 við hliðarveginn.

- d) Í stað „útsýn“ í A12 komi: vegsýn.

- e) Nýr liður með merki: A21a *Steinkast.*

Merki þetta má nota áður en komið er að vegarkafla þar sem hætta er af steinkasti.

#### 2. gr.

Í stað „B27“ í 2. mgr. 4. gr. komi: B26a, B27, B27a.

#### 3. gr.

5. gr. breytist þannig:

- a) B6 orðist svo: *Akstur dráttarvéla, torfærutækja á hjólum og vinnuvéla bannaður.*

- b) B8 orðist svo: *Akstur torfærutækja á beltum bannaður.*

- c) B10 orðist svo: *Akstur reiðhjóla bannaður.*

- d) B13 orðist svo: *Takmörkuð breidd ökutækja.*

Leyfð breidd ökutækis, með eða án farms, skal letruð á merkið.

- e) B14 orðist svo: *Takmörkuð lengd ökutækis.*

Leyfð lengd ökutækis, með eða án farms, þ.m.t. samtengdra ökutækja, skal letruð á merkið.

- f) B15 orðist svo: *Takmörkuð hæð ökutækja.*

Leyfð hæð ökutækis, með eða án farms skal letruð á merkið.

- g) B16 orðist svo: *Takmörkuð heildarþyngd ökutækja.*

Leyfð heildarþyngd ökutækis skal letruð á merkið. Ef ökutæki dregur annað ökutæki á takmörkunin við hvort ökutæki fyrir sig.

- h) B17 orðist svo: *Takmörkuð heildarþyngd samtengdra ökutækja.*

Leyfð heildarþyngd samtengdra ökutækja skal letruð á merkið. Takmörkunin gildir einnig um einstök ökutæki.

- i) B18 orðist svo: *Takmarkaður öxulþungi.*

Leyft hámark öxulþunga ökutækis skal letrað á merkið. Leyfð þyngd á tvöfaldan öxul er þá 160% af tilgreindum öxulþunga.

- j) B19 orðist svo: *Stöðvunarskylda við vegamót.*

Merki þetta skal setja við vegamót þar sem öikumönnum ber skilyrðislaust að nema staðar og veita umferð á vegi sem ekið er inn á eða yfir forgang.

- k) B25 orðist svo: *Skylt að veita umferð sem kemur á móti forgang.*  
Merki þetta má nota við vegarkafla eða stað á vegi þar sem aðstæður eru þannig að ökutæki geta ekki mást og skylt er að veita umferð sem kemur á móti forgang. Þegar merki þetta er notað skal setja merkið D5 upp við hinn enda vegarkafla eða hindrunar.
- l) B26 orðist svo: *Sérstök takmörkun hámarkshraða.*  
Merki þetta ber að nota til þess að sýna leyfðan hámarkshraða ökutækja í km á klst. Þegar hraðamörk varða eingöngu ökutæki með ákveðinni leyfðri heildarþyngd skal það tilgreint á undirmerki. Merkið gildir í akstursstefnu á þeim vegi sem það er sett við þar til önnur hraðamörk eru gefin til kynna með nýju merki B26 eða merki B26a, B27, D11a, D11b eða D11c.
- m) Nýir liðir með merki:  
B26a *Mörk svæðis þar sem sérstök takmörkun hámarkshraða er.*  
Merki þetta ber að nota við akstursleiðir inn á svæði þar sem sérstök takmörkun hámarkshraða er. Merkið gildir þar til takmörkunin er felld úr gildi með merki B27a, D11b eða D11c.  
B27a *Mörk svæðis þar sem sérstakri takmörkun hámarkshraða lýkur.*  
Merki þetta ber að nota við akstursleiðir út af svæði þar sem sérstakri takmörkun hámarkshraða lýkur.
- n) B32 orðist svo: *Framúrakstur vörubifreiða bannaður.*  
Merki þetta ber að nota þar sem vörubifreiðum, þ.m.t. samtengdum ökutækjum, með meiri leyfðri heildarþyngd en 3.500 kg er bannað að aka fram úr öðrum vélknúnum ökutækjum en tvíhjóla.

## 4. gr.

7. gr. breytist þannig:

- a) C14 orðist svo: *Gangstígur.*  
Merki þetta má nota við stíga sem gangandi vegfarendur skulu nota en ekki aðrir. Um heimild til að hjóla á gangstíg fer eftir umferðarlögum.
- b) Nýr liður með merki: C14a *Gang- og hjóltreidastígur.*  
Merki þetta má nota við stíga sem gangandi vegfarendur og hjóltreidamenn skulu nota en ekki aðrir.

## 5. gr.

8. gr. breytist þannig:

- a) 3. mgr. orðist svo:  
Aðallitur leiðbeiningarmerkja skal vera blár, en tákn eða letur hvítt, svart eða rautt. Merkið D2 skal þó vera blátt með svartri táknmynd á gulum fleti, D3 gult og hvítt með svörtum ramma, D4 gult og hvítt með svörtum ramma og svartri yfirstrikun, D11a gult með svörtum ramma, D11b gult með svörtum ramma og rauðri yfirstrikun, D28-34 gul með svörtu letri eða táknum, D35 og D36 blá með gulu letri og D37, D37a og D38 skulu vera hvít með svörtu letri.
- b) 5. mgr. orðist svo:  
Stærð leiðbeiningarmerkja skal háð samþykki vegamálastjóra að því er varðar þjóðvegi utan kaupstaða og kaupúna og sýsluvegi en ella lögreglustjóra.

## 6. gr.

9. gr. breytist þannig:

- a) D3 orðist svo: *Aðalbraut.*  
Merki þetta er notað til þess að gefa til kynna að umferð á vegi sem merkið er við hafi forgang gagnvart umferð af hliðarvegi. Merkið er sett þar sem aðalbraut byrjar, svo og við vegamót eftir því sem þurfa þykir, enda séu merkin A6 og B19 sett við hliðarveginn.

- b) D5 orðist svo: *Umferð á móti skal veita forgang.*  
Merki þetta er notað við annan enda vegarkafla eða staðar á vegi þar sem merkið B25 er við hinn endann.
- c) Nýir liðir með merki:  
D11a *Þéttbýli.*  
Merki þetta ber að nota við akstursleiðir inn á svæði þar sem ákvæði umferðarlaganna um þéttbýli gilda.  
D11b *Þéttbýli lokið.*  
Merkið er notað til að gefa til kynna að reglur um þéttbýli gildi ekki lengur.  
D11c *Vistgata.*  
Merki þetta ber að nota við akstursleiðir inn á svæði þar sem ákvæði umferðarlaganna um vistgötur gilda.  
D11d *Vistgötu lokið.*  
Merkið er notað til að gefa til kynna að reglur um vistgötu gildi ekki lengur.
- d) D14 orðist svo: *Bifreiðaverkstæði.*
- e) D15 orðist svo: *Bensínstöð.*  
Merki þetta er notað til að gefa til kynna bensínstöð þar sem langt er milli bensínstöðva.
- f) D23 orðist svo: *Sumarhús.*
- g) Nýir liðir með merki:  
D27a *Neyðarskýli.*  
D27b *Sæluhús.*  
D27c *Svefnpokapláss.*  
D27d *Eldunaraðstaða.*  
D27e *Heimilisveitingar.*  
D27f *Hestaleiga.*  
D27g *Veidileyfi.*  
D27h *Skíðalyfta.*  
D27i *Almenningssalerni.*  
D27j *Upplýsingar.*  
Merki þetta er notað til að vísa á stað þar sem ferðamönnum eru veittar upplýsingar.  
D27k *Hjólbarðaverkstæði.*  
D27l *Ferðamannaverslun.*  
h) D28 orðist svo: *Akreinar við vegamót.*  
Merki þetta er notað áður en komið er að vegamótum til leiðbeiningar öikumönnum um það hvaða akrein þeir skuli velja.
- i) D29 með nýju merki orðist svo: *Akreinatafla.*  
Merki þetta er notað til þess að sýna fjölda akreina á akbraut og akstursstefnu á einstökum akreinum.
- j) D35 orðist svo: *Staðarvísir.*  
Merki þetta má setja við veg til þess að vísa á tiltekinn stað, svo sem býli.
- k) D36 orðist svo: *Staðarmerki.*  
Merki þetta má setja upp til þess að tilgreina heiti staðar eða þéttbýlis, hreppamörk, örnefni o.þ.h.
- l) Nýr liður með merki: D37a *Vegnúmer.*  
Merkið sýnir leið að vegi með tilgreindu vegnúmeri.
- m) D38 orðist svo: *Sýslu- og sveitarfélagamerki.*  
Merki þetta má setja við veg á mörkum sýslu eða sveitarfélags. Letra skal nafn sýslu eða sveitarfélags á merkið. Þar má enn fremur setja tákn sýslu eða sveitarfélags.

## 7. gr.

Við 1. mgr. 10. gr. bætist: Undirmerki með merkjunum B21 og B24 skulu þó vera gul með rauðum jaðri.

## 8. gr.

2. mgr. 14. gr. orðist svo:

Akreinalínur skulu vera 10 sm breiðar. Akreinalínur, sem marka akreinar fyrir sérstaka umferð, t.d. strætisvagna, skulu vera 20 sm breiðar. Sama gildir um akreinalínur, sem marka að- eða afreinar.

## 9. gr.

Í stað „snögglega“ í 27. gr. komi: verulega.

## 10. gr.

29. gr. breytist þannig:

- a) 4. másl. 4. mgr. orðist svo: Sá sem beygir skal veita umferð sem á móti kemur forgang, svo og umferð þeirra sem ganga á móti grænu ljósi.
- b) 4. másl. 5. mgr. orðist svo: Ef slökkt er á grænni beygjuör, en græna ljósið á aðalljóskerinu logar, má aka í þá stefnu sem örin annars vísar til, en veita ber þá umferð sem á móti kemur forgang, svo og umferð þeirra sem ganga á móti grænu ljósi.

## 11. gr.

Fyrirsögn á undan 32. gr. orðist svo: V. MERKJAGJÖF LÖGREGLU.

## 12. gr.

32. gr. orðist svo:

Merki sem lögreglumaður gefur við umferðarstjórn tákna:

- a) Útréttur handleggur táknað að vegfarandi sem nálgast að framan eða að aftan skal nema staðar. Sá sem nálgast frá hlið má aka framhjá.
- b) Uppréttur handleggur táknað að allir vegfarendur skulu nema staðar. Ökumaður sem kominn er það langt að hann getur ekki stöðvað ökutækið án hættu má halda áfram. Vegfarandi sem er á vegamótum skal aka út af þeim.
- c) Rautt ljós sem sveiflað er táknað að vegfarandi sem ljósinu er beint að skal nema staðar.

## 13. gr.

33. og 34. gr. og ákvæði til bráðabirgða falli niður.

## 14. gr.

Á undan 35. gr. komi svohljóðandi fyrirsögn: VI. ÝMIS ÁKVÆÐI.

## 15. gr.

Ný merki samkvæmt reglugerð þessari skulu vera eins og sýnt er í fylgiskjali.

## 16. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 79. og 84. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast gildi 1. mars 1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. febrúar 1988.*

**Jón Sigurðsson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

Fylgiskjal.



A 21a




B 26a



B 27a



C 14a



D 11a



D 11b




D 11c



D 11d



D 27a




D 27b



D 27c



D 27d



D 27e



D 27f



D 27g



D 27h



D 27i




D 27j



D 27k



D 27l



D 29



D 37a